

Heimildir

Við samningu aldarsögu Íþróttafélags Reykjavíkur var stuðst við gerðarbækur félagsins, ársskýrslur þess og deilda svo og ýmis skjöl félagsins. Ennfremur var rætt við ýmsa einstaklinga sem við sögu koma. Þá komu að gagni heimasíða ÍR og einstakra deilda.

Fréttir og frásagnir fjölmiðla komu að gríðarlegu gagni, langmest þó upplýsingar úr Morgunblaðinu á árunum 1913–2006 sem voru m.a. aðgengilegar á heimasíðu Landsbókasafns Íslands. Auk þess var stuðst við fréttir Alþýðublaðsins, Dagblaðsins, DV, Tímans, Vísis og Þjóðviljans.

Íþróttablaðið 1925 og síðar reyndist afar gagnlegt, einnig Þróttur – blað um íþróttir sem ÍR gaf út 1918–23 og í upphafi fimmta áratugarins, Félagsblað ÍR á þriðja, fjórða og fimmta áratugnum, Íþróttablaðið Sport á sjötta áratugnum, Árbækur frjálsíþróttamanna 1942–44, Árbækur íþróttamanna 1945–56, Allt um íþróttir 1949–52. Þá ber að nefna fróðleiksmikla BA-ritgerð Guðna Halldórssonar, „Frjálsíþróttir á Íslandi 1907–1947“, frá árinu 1979.

Af útgefnum bókum sem leitað var fanga í og komu að góðu gagni skal nefna:

Aldarfjórðungsminningarrit Íþróttafélags Reykjavíkur, 1932

Ólympíubókin, þættir úr 50 ára sögu ÍR, 1957

Saga Kolviðarhóls, 1959, höf. Skúli Helgason

Fimmtán íþróttastjörnur, 1966, höf. Kristján Jóhannsson

Fram til orustu, 1969, höf. Frímann Helgason

Ólympíuleikar að fornu og nýju, 1983, höf. dr. Ingimar Jónsson

Komiði sæ!, lífshlaup Sigurðar Sigurðssonar 1983, höf. Vilhelm G. Kristinsson

Íþróttir í Reykjavík, 1994, höf. Sigurður Friðþjófsson

Silfurmaðurinn, 1995, aðalhöf. Vilhjálmur Einarsson

Mannlífstiklur, 1996, höf. Ómar Ragnarsson

Íslendingar á Ólympíuleikum, 2003, höf. Gísli Halldórsson

Leikni framar líkamsburðum, 2001, höf. Skapti Hallgrímsson

Ljósmyndir:

Ókleift reyndist að semja nákvæma skrá um höfunda og/eða eigendur ljósmynda í bók þessari. Eru margar fengnar úr einkasöfnum manna og margar hafa verið í eigu félagsins í áratugi. Einnig eru myndir fengnar hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, fjölmiðlum, og einstökum myndasmíðum í röðum deilda félagsins, svo eitthvað sé nefnt.